

# Síldarvinnslan hf.
# Uppgjör 1. ársfjórðungs 2023

Spurningar sendist á fjarfestir@svn.is

# Helsta úr starfseminni

- Flottur gangur í kolmunnaveiðum í janúar
- Mjög góð loðnuvertíð þar sem veiðar og vinnsla gengu vel. Mikil rússibani í ráðgjöfinni, mikil aukning rétt fyrir lok vertíðar.
  - Mikið framleitt af loðnuafurðum.
- Vísir hluti af samstæðunni.
- Veiðar og vinna á bolfisk hafa gengið vel.
- Góður gangur á vetrarvertíð hjá Eyjaskipunum þrátt fyrir minni aflaheimildir.
- Sölur hafa gengið vel á flestum afurðum, sala loðnuhrogna fer hægt af stað.
- Mikið framleitt og því há birgðastaða í lok fjórðungs.



# Lykiltölur



# Lykiltölur 1F 2023

**Rekstrartekjur (m$) 131,5**
1F 2022: 100,6

**EBITDA (m$) 39,6**
1F 2022: 32,5

**EBITDA (%) 30,1%**
1F 2022: 32,3%

**Hagnaður (m$) 29,5**
1F 2022: 27,5

**Veiði (þús tonn) 89,9**
1F 2022: 80,5

**Afurðir (þús tonn) 49,8**
1F 2022: 50,9

**Heildareignir (m$) 1.108,6**
31.12.2022: 1.059,8

**Eiginfjárhlutfall 54,9%**
31.12.2022: 55,2%

**Handbært fé (m$) 88,2**
31.12.2022: 74,8

**NIBD/EBITDA 2,09**
2022: 0,45

**Meðalgengi $ 141,94**
1F 2022: 128,05



Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarafli 1F (tonn)












Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarvinnsla1F (tonn)















Síldarvinnslan hf

# Bolfiskafli 1F (tonn)












Síldarvinnslan hf

# Bolfiskafli eftir skipum á fjórðungnum (tonn)






Síldarvinnslan hf

# Bolfiskvinnlur1F (tonn)















Síldarvinnslan hf

Síldarvinnslan hf

# Rekstur



# Rekstur 1F

| Rekstrarreikningur (þús. USD) | 1F 2023 | 1F 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstrartekjur | 131.479 | 100.567 | 30.912 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | 59.843 | 47.258 | 12.585 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 29.725 | 18.506 | 11.219 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.351 | 2.322 | 29 |
| | 91.919 | 68.086 | 23.833 |
| **EBITDA** | 39.560 | 32.481 | 7.079 |
| Afskriftir | 4.946 | 3.061 | 1.885 |
| **Rekstrarhagnaður** | 34.614 | 29.420 | 5.194 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 398 | 4.278 | (3.880) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | 1.428 | 1.064 | 364 |
| Hagnaður af afhendingu dótturfélags | | 183 | (183) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | 36.441 | 34.945 | 1.496 |
| Tekjuskattur | 6.913 | 7.458 | (545) |
| **Hagnaður tímabils** | 29.528 | 27.487 | 2.041 |





Síldarvinnslan hf

# Hagnaðarbrú 1F (þús. usd)






Síldarvinnslan hf

# Starfsþáttayfirlit

**01.01.2023 – 31.3.2023**

(þús. USD)

| | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunarfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 59.687 | 120.160 | 10.118 | -41.797 | -16.698 | 131.469 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 1 | 9 | | | 10 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 19.604 | 89.991 | 8.744 | -41.797 | -16.698 | 59.843 |
| Laun | 19.767 | 8.147 | 1.810 | | | 29.725 |
| Annar rekstrarkostnaður | 630 | 342 | 1.380 | | | 2.351 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | **19.686** | **21.680** | **-1.806** | | | **39.560** |
| Afskriftir | -2.865 | -1.958 | -123 | | | -4.946 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | 398 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | 1.428 |
| Tekjuskattur | | | | | | -6.913 |
| **Hagnaður tímabils** | | | | | | **29.528** |

# EBITDA brú 2023 (þús. usd)






Síldarvinnslan hf

# Efnahagur



# Eignir 31. mars 2023

**Eignir**
(þús. USD)

| | 31.03.2023 | 31.12.2022 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Óefnislegar eignir** | | | |
| Fiskveiðiheimildir | 495.513 | 494.110 | 1.403 |
| | 495.513 | 494.110 | 1.403 |
| **Rekstrarfjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 217.348 | 219.235 | (1.887) |
| Fastafjármunir í smíðum | 20.754 | 15.406 | 5.348 |
| Leiguréttindi | 2.768 | 2.803 | (35) |
| | 240.870 | 237.445 | 3.425 |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 134.020 | 139.191 | (5.171) |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 2.670 | 2.449 | 221 |
| Skuldabréfaeign | 78 | 75 | 3 |
| | 136.768 | 141.715 | (4.947) |
| **Fastafjármunir samtals** | **873.152** | **873.270** | **(118)** |

**Eignir**
(þús. USD)

| | 31.03.2023 | 31.12.2022 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skuldabréfaeign | 119 | 116 | 3 |
| Birgðir | 81.610 | 58.938 | 22.672 |
| Viðskiptakröfur | 49.263 | 38.996 | 10.267 |
| Aðrar skammtímakröfur | 14.654 | 9.630 | 5.024 |
| Handbært fé | 88.233 | 77.290 | 10.943 |
| | 233.879 | 184.970 | 48.909 |
| Fastafjármunir sem haldið er til sölu | 1.535 | 1.535 | 0 |
| **Veltufjármunir samtals** | **235.413** | **186.504** | **48.909** |
| **Eignir samtals** | **1.108.565** | **1.059.775** | **48.790** |

# Eigið fé og skuldir 31. mars 2023

| **Eigið fé og skuldir**<br>(þús. USD) | **31.03.2023** | **31.12.2022** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 608.927 | 585.259 | 23.668 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 189.643 | 217.769 | (28.126) |
| Leiguskuldbinding | 1.700 | 1.516 | 184 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 101.018 | 100.753 | 265 |
| | 292.360 | 320.039 | (27.679) |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 47.278 | 39.852 | 7.426 |
| Næsta árs afborganir af langtímal. | 84.400 | 68.006 | 16.394 |
| Reiknaðir skattar ársins | 7.084 | 14.301 | (7.217) |
| Viðskiptaskuldir | 26.831 | 18.891 | 7.940 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 27.496 | 10.144 | 17.352 |
| Skuldir við tengd félög | 14.188 | 3.283 | 10.905 |
| | 207.278 | 154.477 | 52.801 |
| **Skuldir samtals** | 499.638 | 474.516 | 25.122 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1.108.565 | 1.059.775 | 48.790 |





Síldarvinnslan hf

Síldarvinnslan hf SVN

# Sjóðstreymi



# Sjóðstreymi 2023 (þús. usd)






Síldarvinnslan hf

# Staða og horfur



# Afkomuspá 2023

## EBITDA er áætluð á bilinu USD 107-117 m. á árinu 2023




## Forsendur:

- Reiknum með sterkum mjöl- og lýsismörkuðum.
- Að krónan styrkist ekki umfram 10% á seinni hluta ársins.
- Gerum ráð fyrir háum orkukostnaði áfram.
- Gert er ráð fyrir að loðnuhrognabirgðir seljist á tveimur árum.

## Óvissuþættir

- Ef þeir fiskistofnar sem áætlunin byggir á breyta göngumynstri sínu mv. sl. ár.
- Að jákvæðar markaðsaðstæður haldi.
- Verð á loðnuhrognum.
- Ekki er reiknað með meiri loðnuveiði á þessu ári.
- Hvort nýjar viðskiptahindranir bætist við á markaðssvæðum Síldarvinnslunnar.
- Hækkanir á aðföngum verði ekki úr hófi.



Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarmarkaðir

## Makríll
- Sala á birgðum hefur gengið vel og engar birgðir þegar ný vertíð hefst.
- Almennt meiri bjartsýni gagnvart nýrri vertíð.
- Úkraína í meira jafnvægi þrátt fyrir ótryggt ástand.

## Síld
- Eftirspurn á okkar helstu mörkuðum í A-Evrópu.
- Sala gengið vel og það verða engar birgðir þegar ný vertíð hefst.

## Loðna til Austur-Evrópa
- Öll loðna til A-Evrópu er seld og voru verð stöðug.

## Loðna til Asíu
- Búið að selja alla Japansloðnu og stærsta hluta af mixi.
- Markaðurinn í Asíu er góður og mikil eftirspurn.

## Loðnuhrogn
- Ljóst að það er kaupendamarkaður á loðnuhrognum eftir þessa vertíð og orsakast það af metframleiðslu. Eins er ennþá aðeins til af birgðum frá vertíðinni 2022.
- Einhverjir framleiðendur fóru út með mjög lág verð.
- Reiknað er með að sala verði jöfn út árið, kaupendur kaupi minna magn en oftar.



# Markaðir

## Mjöl og lýsi

- Markaðir voru sterkir allt síðasta ár og 2023 byrjar vel.
- Meiri framleiðsla vegna aukinnar loðnu- og kolmunnaveiði
- Útlit er fyrir góða markaði næstu mánuði en framboð er heldur meira.
- Óvissa varðandi áhrif frá El Nino í S-Ameríku með haustinu og hvaða áhrif það hefur á ansjósuveiðar.

## Bolfiskur

- Í lok síðasta árs hægði á eftirspurn og sölu sjófrystra afurða og verð hafa heldur lækkað
- Verð eru tekin að hækka í Asíu á grálúðu og karfa eftir lækkun í lok síðasta árs.
- Verð á ferskum afurðum hafa haldist stöðug en halda þó ekki í hækkun á hráefnisverði.
- Eftirspurnin er róleg og spila þar inn í erfiðar aðstæður í Frakklandi og Belgíu.
- Fyrirséð að verð hækka yfir sumarið ef framboð dregst saman.
- Saltfiskmarkaðir eru sterkir, lítið er um birgðasöfnun og er útlit fyrir hækkun á verðum inn í sumarið og haustið.



# Loðnuvertíðin

- Kvóti Íslendinga endaði 329 þúsund tonn og tókst að veiða hann allan.
  - Frábær veiði og góð veðurskilyrði voru lykillinn að því að allur kvóti náðist.
- Gífurlegt framboð af loðnuhrognum og horfum við fram á talsverða lækkun á verðum.
- Vont að fá kvóta svona seint upp á framleiðsluplön.
- Ef fyrirsjáanleiki hefði verið meiri hefði spilast betur úr ráðstöfun.
  - Meira brætt.
  - Fryst á Austur-Evrópu.
  - Minna framleitt af hrognum.
- Hrognamarkaðir hefðu verið í meira jafnvægi.
- En framleiðsla langt umfram eftirspurn tekur verðið niður í 1/3 af því sem það var fyrir ári síðan.



# Staðan og framhaldið

- Kolmunnaveiðar hófust eftir páska og eru okkar skip búin að veiða um 55 þúsund tonn, félagið á 18 þúsund tonn af kvóta eftir. Stefnt er á að halda aftur til veiða í október.

- Unnið að undirbúningi makrílvertíðar en veiðar munu hefjast upp úr miðjum júní. Heimildir eru svipaðar og árið 2022.

- Samþætting á bolfisksviði samstæðunnar er í vinnslu.

- Gott útlit með bolfiskstofna, Hafrannsóknarstofnun birti nýlega niðurstöður leiðangra sem benda til að okkar helstu stofnar séu að styrkjast töluvert.

- Þannig að við bíðum spennt eftir ráðgjöf hafró sem kemur eftir sjómannadag



# Ice Fresh Seafood

- 29. mars var tilkynnt um viðræður Síldarvinnslunnar um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf. en félagið er í 100% eigu Samherja hf. sem er eigandi að 30,06% hlut í Síldarvinnslunni hf.

- Ice Fresh Seafood sér í dag um stærstan hluta af afurðasölu Síldarvinnslunnar.

- Síldarvinnslan hefur notið ráðgjafar Arion banka í viðræðunum.

- Tækifæri til að verða beinn aðili að öflugu sölufélagi sem selur til yfir 60 landa og byggir á áratuga þekkingu og viðskiptasamböndum.

- Þessar viðræður eru í gangi og líkur vonandi á næstu vikum.





Síldarvinnslan hf

# Spurningar og Svör

# Fyrirvari

Fjárfestakynning þessi er útbúin af Síldarvinnslunni hf. Upplýsingarnar og gögn í kynningunni byggja á heimildum sem Síldarvinnslan telur áreiðanleg á hverjum tíma. Síldarvinnslan ábyrgist ekki að upplýsingar og gögn sem birtast í kynningu þessari séu að öllu leyti rétt eða tæmandi. Staðhæfingar í kynningunni kunna að byggja á mati og áætlunum stjórnenda félagsins sem hafa ekki verið sannreyndar.

Rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja er síbreytilegt. Af hálfu Síldarvinnslunnar er engin trygging eða ábyrgð veitt fyrir því að þær spár eða fyriráætlanir sem lýst er í fjárfestakynningunni gangi eftir. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma getur orðið mjög ólík þeirri þróun sem búist var við í veigamiklum atriðum.

Kynningunni er eingöngu ætlað að hafa upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu fjármálagerninga félagsins. Móttakandi kynningar er einn ábyrgur fyrir hvers konar fjárfestingarákvörðunum sem hann kann að taka á grundvelli þessarar kynningar.

Upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari kunna að breytast, vera endurskoðaðar, uppfærðar eða endurútgefnar og kunna því að breytast töluvert. Félagið er ekki skuldbundið til að uppfæra eða viðhalda upplýsingunum í fjárfestakynningu þessari nema það sé skylt lögum samkvæmt.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.